

Reglur Seyðisfjarðarkaupstaðar um framlög til stjórnmalasamtaka á sveitarstjórnarstigi

Í lögum nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra er kveðið á um í 5. grein að sveitarfélög með fleiri en 500 íbúa veiti stjórnmalasamtökum fjárframlög vegna starfsemi þeirra.

Úr lögum um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðanda.

5. gr. *Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.* Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er heimilt að setja viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnmalasamtaka samkvæmt þessari grein. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjölfylgi í nýafstöðnum kosningum.

Reglur Seyðisfjarðarkaupstaðar á grundvelli 5. gr. laga nr. 162/2006, með síðari breytingum, um framlög til stjórnmalasamtaka á sveitarstjórnarstigi eru eftirfarandi:

1. Framlag til stjórnmalasamtaka sem bjóða fram til sveitarstjórnar skal bæjarstjórn ákvarða í fjárhagsáætlun viðkomandi árs og skal óskipt ársframlag tilgreint þar á sérstökum bókhaldslykli. Framlagið skal greitt til stjórnmalasamtakann í byrjun annars ársfjórðungs nema það ár sem kosningar fara fram sbr. lið 4.
2. Árleg úthlutun fer fram til þeirra stjórnmalasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða eða einn mann kjörinn, til samræmis við framangreind lög. Framlagið greiðist miðað við hlutfallsskiptingu atkvæða í sveitarstjórnarkosningum í sveitarfélaginu.
3. Framlag skal greitt til stjórnmalasamtaka í samræmi við samþykktir þeirra og er gjaldfært á viðkomandi reikningsári.
4. Það ár sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal úthlutun framlaga vera með þeim hætti að úthlutað sé fyrir fyrstu 6 mánuði ársins til þeirra stjórnmalasamtaka sem eiga kjörna fulltrúa í bæjarstjórn helmingi þeirrar upphæðar sem ákveðin hefur verið samkvæmt lið 1. Fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjölfylgi í nýafstöðnum kosningum hinum helmingi upphæðar sbr. lið 1 og 2.

Samþykkt í bæjarráði 23. júlí 2014.

Samþykkt í bæjarstjórn 13. ágúst 2014.